



19. september 2019

Inngangsorð seðlabankastjóra á opnum fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um störf peningastefnunefndar

Ég mæti hér í fyrsta sinn sem seðlabankastjóri á fund um skýrslu peningastefnunefndar en með mér er Gylfi Zoëga, nefndarmaður í peningastefnunefnd.

Þið hafið fengið senda skýrslu peningastefnunefndar um störf hennar á fyrri hluta ársins auk annars efnis. Meðal þess eru síðustu *Peningamál* með nýjustu uppfærslu á þjóðhags- og verðbólguþá bankans, nýleg yfirlýsing peningastefnunefndar og fundargerð nefndarinnar sem var birt 11. september sl.

Það eru sjö mánuðir síðan fulltrúar peningastefnunefndar komu síðast á fund efnahags- og viðskiptanefndar. Gengi krónunnar nú er nokkuð svipað og það var þá en verðbólga hefur minnkað lítillega úr 3,4% í 3,2%. Á sama tíma hafa horfur um hagvöxt versnað nokkuð á þessu og næsta ári og meginvextir bankans hafa verið lækkaðir úr 4,5% í 3,5%.

Íslenska hagkerfið er á leiðinni í niðursveiflu eftir átta ára samfelldan hagvöxt. Frá því landsframleiðslan náði lágmarki í kjölfar fjármálakreppunnar árið 2010 hefur hún vaxið um rúman þriðjung. Undanfarin ár hefur ríkt nokkur stöðugleiki í efnahagslífinu. Sá samdráttur sem búist er við á árinu er tiltölulega vægur, Seðlabankinn spáir 0,2% samdrætti á þessu ári og að hagkerfið taki aftur við sér á því næsta. Í samræmi við þessa þróun hefur Seðlabankinn hafið vaxtalækkunarferli og lækkaði vexti í þriðja sinn á þessu ári í ágúst sl.

Gengi krónunnar hefur verið nokkuð stöðugt síðustu misseri þrátt fyrir að hægt hafi á hagkerfinu og helsta útflutningsgrein landsins – ferðaþjónustan – hafi orðið fyrir áfalli. Þegar litið er til sögunnar hefur gengið yfirleitt gefið eftir í kjölfar niðursveiflu. Þá hefur greiðslujöfnuður verið kominn í mikið ójafnvægi, viðskiptahalli verið ósjálfbær og annars ójafnvægis gætt í þjóðarþúinu. Í dag er staðan önnur, við erum með viðskiptaafgang, jákvæða ytri stöðu þjóðarþúsins og tiltölulega sterkar stöðir utanríkisviðskipta. Seðlabankinn býr þar að auki yfir öflugum gjaldeyrisforða til þess að geta tryggt stöðuguleika ef til þess kemur.

Þegar til lengra tíma er litið hefur vaxtastig á Íslandi verið að hliðrast niður á við síðustu áratugi. Og þá ekki einungis ef horft er til skammtímavaxta, líkt og oft er gert, heldur einnig ef horft er til langtímavaxta, sem skipta höfuðmáli fyrir raunhagkerfið.

Langtímaraunvextir á skuldabréfamarkaði hafa lækkað töluvert sl. rúmlega tvö ár, sérstaklega það sem af er þessu ári og eru þeir í sögulegu lágmarki. Í lengra samhengi hafa raunvextir verið á leitni niður á við frá upphafi tíunda áratugar síðustu aldar og höfum við því séð Ísland færast nær því sem þekkist erlendis hvað varðar vaxtastig.

Meðal vestrænna ríkja þykja það hins vegar forréttindi að vera með jákvæða nafnvexti til þess að geta örvað hagkerfið – líkt við höfum nú gert á þessu ári. Margar þjóðir í kringum okkur búa við neikvæða nafnvexti sem hafa í raun sett gólf undir frekari vaxtalækkunarferli.

Þegar litið er fram á veginn, þá gæti núverandi vaxtalækkunarferli haldið áfram líkt og gefið var til kynna í síðustu yfirlýsingu peningastefnunefndar; lækki verðbólguvæntingar áfram og áfram hægi á verðbólgu. Þá eða, að hagvaxtarhorfur versni frá því sem nýjasta spá bankans gerir ráð fyrir. Nokkur óvissa er til staðar varðandi það hvernig ferðabjónustan geti staðið af sér bæði kostnaðarhækkunar og þau áföll í utanlandsflugi sem greinin hefur orðið fyrir.

Á heildina litið hefur tekist vel til við peningastjórnina undanfarin ár. Það yrðu mjög góðar fréttir ef samdrátturinn verður ekki meiri en spáð er, í ljósi mikils efnahagsuppgangs sem verið hefur síðustu ár. Þá skiptir það jafnframt miklu að góður verðstöðugleiki hefur haldist síðustu tæplega sex ár. Þessi stöðugleiki ber vott um árangur peningastefnunnar og gefur góðar vonir um að hægt sé að fylgja á eftir verðbólguþröngunni hérlandis til framtíðar.